

Nr. 106 / 09 Gæfan RE 350**Strandar í Hvalfirði**

Skipaskr.nr. 7197
Smíðaður: Sandgerði 1989, plast
Stærð: 4,6 brl. 4,3 bt.
Mesta lengd: 7,75 m Skráð lengd: 7,65 m
Breidd: 2,36 m Dýpt: 1,34 m
Vél: Vetur 24 kW, 1989
Fjöldi skipverja: 2



Gæfan©Jóhann Þ Halldórsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.


Atvikalýsing:

Þann 8. ágúst 2009 var Gæfan RE 350 á siglingu í Hvalfirði. Veður: SSA 5-7 m/s.

Á siglingunni strandaði báturinn um kl. 12:42 á einu af Hnausaskerjum í Hvalfirði á stað 64°17.75'N og 021°51.73'V. Bátsverjar óskuðu eftir aðstoð og voru björgunarsveitir kallaðar út en aðstoð var afturkölluð þar sem báturinn losnaði og var honum siglt til Reykjavíkur.


Við rannsókn kom fram:

- að um morguninn kl. 08:00 höfðu bátsverjar siglt inn í Hvalfjörð til stangveiða og dvalið við veiðarnar þar til haldið var aftur áleiðis út úr firðinum kl.12:30 eftir markaðri leið (track) frá því um morguninn;
- að í bátnum var Garmin (GPS Map 172 C) leiðsögutæki með GPS móttakara og kortaskrifara;



Ferill bátsins samkvæmt STK kerfi

- að sögn formanns ætlaði hann að fylgja sömu leið og mörkuð hafi verið í kortaskrifaran á leiðinni inn fjörðinn en þar sem fallið hafði út í millitíðinni hafði grynnað mikið og á því hafi þeir misreiknað sig;
- að stærsti straumur var þennan dag og var flóðhæð 3,8 m við Grundartanga í Hvalfirði og flóði kl. 07:47 en fjara kl. 13:52 með flóðhæð 0,6 m. Nær þriggja metra flóðmunur var því á sjávarhæð þegar siglt var austur með Hnausaskerjum um morgunin og svo sömu leið til baka um hádegið;
- að formaður sagðist ekki hafa siglt þarna áður og ekki hafa haft nein landmið að skerjasvæðinu sem hann sigldi um. Það hafi verið lögbundið siglingakort (pappírskort) í bátnum en hann hafi ekki kynnt sé það né sett út áætlaða siglingu;
- að við rannsókn málsins vakti það athygli að bátnum hafi verið siglt inn á skerjasvæðið um morguninn en ekki strandað;
- að formaðurinn fékk útgefið skipstjórnarskírteini A1 frá 15. september 2008.



Samskonar siglingakort og var í kortaskrifara
Gæfunnar RE

Nefndarálit:

Orsök strandsins var slæmur undirbúningur og vítavert kæruleysi við siglinguna.